


Starfsemistölur fyrir árið 2024


405 börn fæddust á SAK á síðasta ári.

- Fjöldi dvalardaga á árinu voru **26.607** sem er um **11%** fækkun frá því í fyrra en að sama skapi er fækkun sjúklinga sem þurfa að leggjast inn um **9%**. Meðalfjöldi dvalardaga allra deilda eru **4,5** dagar þannig að sjúklingar liggja mun styttra inni en áður. Mikil aukning hefur verið í fjölda einangranatílfella undanfarna mánuði sem hefur áhrif á hjúkrunarþyngd þar sem fjöldinn einn og sér lýsir ekki álagi á deild.
- Flestir sjúklinganna eru lagðir inn í bráðainnlögn en þær eru um **75,1%** af heildarinnlögnum.
- Að meðaltali eru níu sjúklingar inniliggjandi á hverjum tíma sem eru með gilt færni- og heilsumat eða slíkt í vinnslu.
- Á árinu 2024 er rúmanýting á lyflækningadeild **89%** og er nýtingin **81%** á skurðlækningadeild.



- Rúmlega **10.500** einstaklingar hafa fengið þjónustu á göngudeild og þar af **2.246** vegna krabbameinslyfjagjafar, sem er sambærilegt og í fyrra. Komur á dagdeildir voru **6.565**.

- Á bráðamóttöku og göngudeild bráðamóttöku er fjöldi samskipta sambærilegur og í fyrra eða **17.566** samanborið við **17.884** á sama tíma í fyrra (sjá súlurit um komur á bráðamóttöku ár hvert). Biðtími eftir því að hitta lækni á bráðamóttöku er nú um **45** mínútur en viðmið okkar eru um **40** mínútna bið eftir lækni.



- Fjöldi skurðaðgerða á árinu var **2.439** sem er aðeins minna en í fyrra þegar **2.598** aðgerðir voru gerðar yfir sama tímabil - fjöldinn segir þó ekki allt þar sem eðli og lengd aðgerða hefur mikið að segja. Tæplega **32%** aðgerða voru bráðaaðgerðir og voru gerviliðaaðgerðir **318** á móti **330** gerviliðaaðgerðum í fyrra.
- Fjöldi myndgreiningarannsóknna (án brjóstamynda) var rúmlega **40.327** og gerir það að meðaltali um **110** rannsóknir á dag sem er sambærilegt og verið hefur.
- Rannsóknir á rannsóknadeild hafa dregist aðeins saman undanfarin ár en fjöldi rannsókna á lífeðlisfræðideild er sambærilegur og verið hefur undanfarin ár eða um **8.720** rannsóknarverk.
- Á árinu hafa fæðst **405** börn samanborið við **410** börn á sama tíma í fyrra.
- Töluverð fækkun er í komum og innlögnum ósjúkratryggðra miðað við sama tímabil í fyrra. Bráðamóttakan hefur sinnt **670** ósjúkratryggðum einstaklingum og **110** hafa verið á legudeildum SAK en í fyrra höfðu verið lagðir inn **125** einstaklingar og um **770** einstaklingar leitað á bráðamóttökuna. Um er að ræða rúmlega **14%** fækkun í komum á bráðamóttöku.

Nánari greining á starfsemi sjúkrahússins verður unnin á næstu vikum samhliða ársskýrslu SAK.